

## Ávarp Finnboga Jónssonar á fjörutíu ára stúdentsafmæli 17. júní 2010.

*Skólameistari,*

***verðandi stúdentar frá MA 2010!***

Ég er viss um að þið upplifið þennan dag á svipaðan hátt og ég gerði fyrir 40 árum.

Lok á **frábærum** og uppbyggilegum tíma í MA. **Ég veit** að námið hér og **þroskinn** sem þið hafið öðlast mun verða **undirstaða** í flestu sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni. Ég **veit** að **hér** hafið þið eignast nýja vini og myndað vinatengsl sem munu vara alla ævi. Eða eins og segir í lokaerindi á ljóðinu sem skólasystir okkar, Guðrún Pálsdóttir, samdi við vinningslagið í Eurovision árið 1970 og sem við fluttum hér á þessu sviði í gærkvöldi:

*Alltaf við erum hér,  
alsæl og kát.  
Með vinum og vinkonum  
á vináttubát.  
Traust er hönd,  
bræðrabönd,  
björt minning hlý,  
Yljar á ögurstund  
og eflir á ný.*

Það var ekki bara sjálft námið sem mér fannst gefandi í MA. Félagsstarfið sem fór fram innan veggja skólangs og sú fræðsla og reynsla sem menn öðluðust í þeirri þátttöku var ekki síður gefandi. Ég tel að ég hafi búið að því í flest öllum krefjandi stjórnunarverkefnum sem ég hef tekið mér fyrir hendur á lífsleiðinni.

Eitt af því mikilvægasta sem ég lærði hér í skólanum voru þau **lífsviðhorf** og þau **gildi** sem endurspegluðust í ræðu sem Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi skólameistari, flutti á sal árið 1937. Tilefnið var 25 ára starfsafmæli Rúnu í Barði sem sá um ræstingar við skólann. Hann sagði þá að öll störf væru í rauninni **jafn** mikilvæg. Um Rúnu sagði Sigurður að „verk hennar er skólanum **jafn**-nauðsynlegt, óhjákvæmilegt, **fortakslaust** jafn-ómissandi og kennsla einhvers **höfuðkennarans** hér“.

Þið hafið upplifað ótrúlega tíma í efnahags- og þjóðmálum, í raun **mesta** efnahagsáfall sem Ísland hefur upplifað frá því **að við** vorum hér í skólanum fyrir 40 árum. Á þeim tíma voru það **nátturuauðlindirnar** sem brugðust, síldin hvarf. Þjóðin missti **fjórðung** gjaldeyristekna sinna á örskömmum tíma.

Áfallið nú má fyrst og fremst rekja til margra **mannlegra mistaka** - okkar sjálfra. **Til firringar** sem bjó um sig í stjórnun og eigendahópi bankanna. **Til lífsviðhorfa** sem voru algerlega á skjön við þau **gildi** sem Sigurður Guðmundsson, skólameistari, talaði fyrir.

Fyrir **40 árum** unnum við okkur út úr kreppunni með því að nýta enn frekar **auðlindir lands og sjávar**. Í byrjun skipti **útfærsla landhelginnar í sköpum**, en síðar var það **fyrst og fremst nýsköpum** í íslenskum sjávarútvegi og **stóraukin áhersla** á að gera meiri verðmæti úr okkar sjávarafla. Í tengslum við þessa þróun **efldust** iðn- og tæknifyrtæki sem unnu að því að finna lausnir til að auka framlegðina í greininni og þessi fyrirtæki urðu **síðar**- sum hver- í farabroddi á **alheimsvísu**. Dæmi um þetta er fyrirtækið **Marel**, sem má rekja til rannsókna og þróunar hjá Raunvísindastofnun **Háskóla Íslands** og fyrirtækið **Sæplast** sem hóf starfsemi sína á Dalvík fyrir aldarfjórðungi.

Þegar ég tók að mér stjórnunarstarf í sjávarútvegi fyrir 24 árum heyrði til **undantekninga** ef háskólamenntaður maður starfaði í sjávarútvegi. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Með fjölgun háskólamenntaðra manna í sjávarútvegi og þeim fyrirtækjum sem þjóna honum varð alger **bylting** í nýtingu og verðmætasköpun sjávarútvegsins. Pekkingin var í askanna láttinn. Nú erum við **sannanlega** í farabroddi í heiminum í sjávarútvegi .

Við þurfum að læra af mistökum undafarinna ára og átta okkur á því hvernig **raunveruleg** verðmæti verða til. Þau verða til með **hönnun og sköpun** einhverrar vöru eða þjónustu sem eftirspurn er eftir.

Á 40 árum hefur orðið grundvallar**bylting** á mörgum sviðum og margt **miklu** auðveldara í dag en áður. Besta dæmið um það er **internetið** sem hefur í **raun fært** Ísland **nær** öðrum ríkjum. Í skilningi internetsins erum við, **ekki** lengur eyja í miðju Atlantshafi. Fjarlægð frá öðrum mörkuðum er ekki lengur sú **hindrun** sem áður var. **Parna** eru meðal annars **ykkar** tækifæri.

Á næstu árum og **áratugum** verðum við fyrst og fremst að nýta **hugvitið til að auka hagsæld** og velferð í okkar samfélagi. Við þurfum að huga að **nýsköpun** á öllum sviðum. Þar **getið þið** lagt **ykkar** að mörkum. Þar eru **óendanleg** tækifæri.

**Leiðum hugann** örskamma stund að sex öflugum nýsköpunarfyrirtækjum:

**CCP**, sem hefur þróað flókna og eftirsótta tölvuleiki og er með áskrifendur út um allan heim ;

**Betware** sem hefur unnið frumkvöðlastarf á sviði hönnunar og þróunar leikjavefja fyrir ríkislottó;

**gogogic** sem sérhæfir sig í gerð samfélagsleikja sem má aðlaga fyrir mismunandi miðla og tæki ,

**Dohop** sem hefur þróað vef sem býður ferðalöngum upp á flugleit sem nær yfir **600** flugfélög um allan heim;

**Mentor** sem er þekkingarfyrirtæki sem hefur það hlutverk að leggja skólasamfélaginu til lausnir og þjónustu til aukins árangurs í skólastarfi.

**Marorka** sem er hátæknifyrirtæki sem þróar og selur lausnir til að hámarka orkunýtingu í skipum.

Hjá þessum sex fyrirtækjum starfa í dag um **800 manns** og þar af er **yfir 95%** með nám á háskólastigi. Allt eru þetta fyrirtæki þar sem staðsetning á eyju landfræðilega langt frá öllum mörkuðum skiptir engu. Allt fyrirtæki sem eru

**stofnuð af einstaklingum eins og ykkur, einstaklingum sem hafa haft hugsjón til að skapa, hanna eitthvað sem markaður er fyrir og spurn er eftir.**

Nú þurfið þið að velja hvað þið takið ykkur fyrir hendur í frekara námi. Flest sennilega **búin** að velja.

Þegar ég var í ykkar sporum fyrir 40 árum var ég eiginlega með stefnu á að fara í þjóðfélags og stjórnmálafræði. Þegar ég sá hins vegar **hversu margir** voru með sömu stefnu ákvað ég að **venda mínu kvæði í kross** og fara í **verkfræði**. Ég sé ekki eftir því. Hef alla tíð fengist við **gríðarlega** skemmtileg viðfangsefni og **aldrei** leiðst í vinnunni. En það er auðvitað fullt af öðrum spennandi greinum. Aðalatriðið er að **vilja sjá** árangur af starfinu. Finna að maður **gerir gagn**. Vera **stoltur** af sínu dagsverki, og hafa gaman af.

Að lokum vil ég geta þess að 40 ára stúdentar hafa ákveðið að færa Uglunni, hollvinasjóði MA smá peningagjöf í tilefni dagsins.

**Kæru nýstúdentar. Til hamingju með daginn.**